



## Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

### Sundabraut, umsögn um þingsályktun

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Vegagerðarinnar varðandi þingsályktunartillögu um Sundabraut, mál nr.88 á 154. löggjafarþingi.

Vegagerðin vinnur að undirbúningi Sundabrautar í samræmi við lög um samvinnuverkefni þar sem gert er ráð fyrir að einkaaðili annist fjármögnun framkvæmdarinnar.

Innviðaráðherra skipaði verkefnisstjórn með undirbúningi Sundabrautar í júní 2022 með fulltrúum Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar, innviðaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Guðmundur Valur Guðmundsson framkvæmdastjóri þróunarviðs Vegagerðarinnar er formaður verkefnisstjórnar. Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir samgöngustjóri Reykjavíkurborgar er fulltrúi Reykjavíkurborgar, Árni Freyr Stefánsson er fulltrúi innviðaráðuneytisins, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri á Akranesi er fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Bergþóra Þorkeldsdóttir fulltrúi Vegagerðarinnar. Helga Jóna Jónasdóttir var ráðin verkefnisstjóri Sundabrautar vorið 2023 og starfar á höfuðborgarsvæði Vegagerðarinnar.

Matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar var kynnt í október 2023 samhliða kynningu á breytingum á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar og álit Skipulagsstofnunar á matsáætlun var birt þann 18.mars 2024. Rannsóknir vegna umhverfismats framkvæmdarinnar hafa staðið yfir frá árinu 2023 og er gert ráð fyrir að vinnu við umhverfismatsskýrslu ljúki sumarið 2024. Þá standa yfir jarðtæknirannsóknir í fyrirhuguðu vegstæði Sundabrautar. Þá hefur verið unnið að gerð viðskiptaáætlunar vegna Sundabrautar og er gert ráð fyrir að þeirri vinnu geti lokið í maí 2024.

Undirbúningur miðar að því að umhverfismati og breytingum á aðalskipulagi verði lokið í byrjun árs 2025, útboðsferli geti hafist árið 2025 og upphaf framkvæmda verði á árinu 2026.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Guðmundur Valur Guðmundsson  
formaður verkefnisstjórnar um  
undirbúning Sundabrautar

Undirskrift

Síða 1/1

Vegagerðin  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is